

17. Skaftárveita án miðlunar í Langasjó¹

Vesturkvísl Skaftár er stífluð austan við Fögrufjöll, nánar tiltekið rétt norðan við Útfall og myndast þá nýtt stöðuvatn, Norðursjór. Frá Norðursjó er vatninu veitt um 2 km löng jarðgöng í gegnum Tungnaárfjöllin yfir á vatnasvið Tungnaár. Orkugeta veitunnar er 245 GWh/ári ofan á núverandi grunnkerfi eftir lúkningu virkjana í Neðri-Þjórsá. Orkugetan hækkar í 315 GWh/ári ef Tungnaárlón er í kerfinu og verður 380 GWh/ári ef Bjallavirkjun er einnig til staðar. Einingarkostnaður orku verður því breytilegur. Almenna verkfræðistofan telur óvíst að líftími veitunnar sé fullnægjandi. Aurskolun úr lóninu sé erfið og líftími veitunnar í besta falli fjórir áratugir. Hugsanlegt er þó að hjöðnun Tungnaárjökuls við austurenda Norðursjávar gæti hægt á aursöfnun í Norðursjó því að undir jöklinum er lægð sem er í lægri hæð en vatnsborð Norðursjóar. Á þessu stigi er ekki hægt að gera ráð fyrir að veitan dragi umtalsvert úr aurburði í Skaftá austan Fögrufjalla eins og tilfellið var með Skaftárveitu um Langasjó.

Umhverfisáhrif veitunnar eru lítil og helst tengd minnkuðu rennsli Skaftár sem gæti að óbreyttu haft neikvæð áhrif á lindarennisli í lækjum í Landbroti og Meðallandi. Fyrirhugað veitumannvirki við Búland í Skaftártungu er talið leysa þann vanda.


Yfirlitstafla

Einkennisstærðir Skaftárveita til Tungnaár

Rennsli til Tungnaár (m ³ /s)	22
Vatnasvið (km ²)	250
Yfirfallshæð í virkjun (m y.s.)	670,5
Flatarmál lóna (km ²)	9,0
Miðlun (Gl)	0
Lengd ganga (km)	2,1
Lengd stíflna (m)	2650
Mesta hæð stíflu (m)	33
Lengd skurða (m)	1900
Afl (MW) *	
Orkugeta (GWh/ári)	245-380
Hagkvæmniflokkur	2-4

- Orkugeta miðast við að nýta uppsett afl virkjana á Þjórsásvæði.

¹ Almenna Verkfræðistofan og Landsvirkjun Power, 2009. *Skaftárveita án miðlunar í Langasjó. Tilhögun og umhverfi*. Skýrsla LV-2009/048, Apríl 2009.



Skaftárveita án Langasjóar, útfærsla Almennu verkfræðistofunnar (2009).



Líkan af Norðursjó og fyrirhuguðum stíflum.